

BORGARRÁÐ 21. júlí 2022 Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands vegna gjaldskrárhækkana í strætó fyrir öryrkja og eldri borgara

Þann 1. júní tók ný gjaldskrá við hjá landsbyggðarvögnum Strætó. Reykjavík er með fulltrúa í stjórninni. Hver voru rökin fyrir því að hækka gjöldin á öryrkja og aldraða úr 155 kr. upp í 245 kr? Það skýtur skökku við að farið sé í gjaldskrárhækkanir á þessa hópa frekar en þá sem borga almenn fargjöld. Því er spurt um rökin á bak við að hækka gjöldin fyrst á öryrkja frekar en aðra hópa, fyrst farið var í hækkanir á annað borð.